

Orkufjarskipti
Krókháls 5c
110 Hafnarfjörður

Reykjavík, 8. júlí 2022
UST202206-074/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda- ljósleiðari um Hraun í Öxnadal

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Orkufjarskipta, dagsett 8. júní 2022 um leyfi til framkvæmda innan Hrauns í Öxnadal.

Hraun í Öxnadal er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr.534/2007. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir og aðrar náttúruminjar í fólkvanginum. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda í fólkvanginum þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Jarðrask og mannvirkjagerð er einnig háð leyfi umsjónarnefndar fólkvangsins og skal vera í samræmi við uppbyggingu fólkvangsins þar sem gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum.

Lýsing verkefnis:

Strengur verður plægður niður með jarðýtu. Beltagrafa verður notuð til að ganga frá jarðvegi þar sem strengurinn var plægður niður. Ummerki eftir framkvæmdina ættu að hverfa á 1-2 árum á grónu landi. Sáð verður í þau sár sem myndast í jarðvegi og grjótt sem þarf að færa úr lagnaleiðinni á meðan framkvæmd fer fram verða færð aftur á sinn stað að framkvæmd lokinni. Að vinnunni koma 4-6 manns

Umsagnir:

Umhverfisstofnun aflaði umsagnar umsjónarnefndar fólkvangsins vegna framkvæmdarinnar þann 10. júní 2022. Umsögn nefndarinnar barst þann 16. júní 2022. Í umsögninni kemur fram sú niðurstaða nefndarinnar að valkostur sá er sýndur er á sem gul lína á mynd í viðauka, sem sýnir áætlaða lagnaleið sé besti valkosturinn. Sá fyrirvari er settur á að framkvæmdaraðilar hafa svigrúm til að hliðra leiðinni lítillega svo að best fari að landi og rask verði sem minnst. Umsjónarnefnd fólkvangsins beinir þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að gæta þess sérstaklega að lágmarka allt rask og skilja við svæðið með þeim hætti að sem minnst ummerki sjáist að verki loknu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á fólkvanginn sé þeirri leið sem samráð hefur átt sér stað um og verið samþykkt af landeiganda og umsjónarnefnd fólkvangsins fylgt og farið eftir skilyrðum leyfisins

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Orkuskiptum fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu ljósleiðara innan Hrauns í Öxnadal sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréfs til 31. ágúst 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Fylgja skal þeirri lagnaleið sem samþykkt hefur verið af landeiganda og umsjónarnefnd fólkvangsins.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:


Umhverfisstofnun kann að hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur

Viðauki



Gul lína á mynd er áætlað lagnasvæði - rauð lína á mynd var nefnd sem möguleg leið sem veldur minna raski. Nánar útfært á verkstað.